

# Fjallskilaseðill

2014

Á fundi stjórnar Fjallskiladeildar Hrútfirðinga að austan þann 13. ágúst 2014 var samþykkt að í haust verði fjallskil á svæðinu með eftirfarandi hætti:

**Fyrsta leit fari fram fimmtudaginn 4. og föstudaginn 5. september** og réttað verði að morgni laugardagsins 6. september. Leit skal haga þannig að allt svæðið, þ.e. bæði heiðin og Meladalur verði smöluð á sama tíma.

**Kl. 12 á hádegi fimmtudaginn 4. september skulu 7 leitarmenn vera ferðafærir við Bláhæð.** Verkefni þeirra verður að smala fremsta hluta heiðarinnar. Eftirtalin bú leggi til þessa menn: Eyjanes 2 menn, Reykir II 2 menn, Akurbrekka 1 mann, Þóroddsstaðir 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.

**Að kvöldi fimmtudagsins 4. september skulu vera mættir 20 leitarmenn í leitarmannaskála.** Eftirtalin bú leggi til þessa menn:

Jaðar 1 mann, Tannstaðabakki 1 mann, Eyjanes 2 menn, Reykir II 4 menn, Akurbrekka 3 menn, Þóroddsstaðir 2 menn, Brautarholt 1 mann, Hvalshöfði 1 mann, Bálkastaðir I 1 mann, Hrútatunga 1 mann, Óspaksstaðir 2 menn og Foss 1 mann.

**Að morgni föstudagsins 5. september kl. 8.00 skulu vera mættir 5 leitarmenn við Bláhæð.** Eftirtalin bú leggi til menn:

Eyjanes 2 menn, Akurbrekka 1 mann, Þóroddsstaðir 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.

Fjallkóngur 1. leitar er Þorsteinn á Reykjum.

**Réttarstörf hefjast kl. 9.00 laugardaginn 6. september.**

Réttarstjóri í Hrútatungurétt verði Gunnar í Hrútatungu og marklýsingamenn Aðalheiður á Reykjum og Matthildur á Þóroddsstöðum.

Skilamaður í Miðfjarðarrétt verði Ásgeir í Brautarholti.

Æskilegt er að leitarmenn séu klæddir litsterkum utanyfirfötum á meðan leit stendur.

Munið eftir skærlitu vestunum, þið sem hafið þau!

**Önnur leit fari fram laugardaginn 13. september**, nema veður hamli. Leitarmenn skulu vera ferðafærir kl. **8.30** við Leirhnjúk.

Eftirtalin bú leggi til menn, alls 15, þar af 3 á Meladal:

Tannstaðabakki 1 mann, Eyjanes 1 mann, Reykir II 2 menn, Akurbrekka 2 menn, Þóroddsstaðir 1 mann, Brautarholt 1 mann, Hvalshöfði 1 mann, Bálkastaðir I 1 mann, Hrútatunga 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.  
Á Meladal: Reykir II 1 mann, Eyjanes 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.

Fjallkóngur seinni leitar verði Árni á Bálkastöðum.

Akstur á fé frá hliði við Síká í annari leit: Búið á Reykjum II.

Akstur á fé úr Dæld í annari leit: Eyjanesbúið.

**Heimalandasmalanir verði tvær.** Sú fyrri fari fram laugardaginn 27. september og skilarétt fari fram sunnudaginn 28. september og hefjist kl. 10.00. Seinni heimalandasmölun fari fram laugardaginn 18. október og segi menn til fjár er fram kemur þá.

Skilamaður í skilarétt Miðfirðinga verði Gunnar á Þóroddsstöðum.

#### **Mat á fjallskilaskyldri vinnu:**

Fyrsta leit, mæting á Bláhæð 4. september	24.700,-kr
Fyrsta leit, mæting í skála	17.550,-kr
Fyrsta leit, mæting á Bláhæð 5. september	14.950,-kr
Önnur leit, smölun á afrétt	15.600,-kr
Önnur leit, smölun á Meladal	11.700,-kr
Leitarstjóri	25% af gangnamati
Réttarstjóri	7.800,-kr
Marklýsing	2.600,-kr
Skilamaður Miðfjarðarrétt	7.800,-kr
Akstur á fé úr Miðfjarðarrétt	12.130,-kr pr. ferð
Skilarétt Miðfirði og akstur	5.200,- + 12.130,-kr pr. ferð
Akstur á fé frá hliði við Síká í annari leit	12.130,-kr pr. ferð
Akstur á fé úr Dæld í annari leit	12.130,-kr pr. ferð

Fjallskilastjórn Hrútfirðinga að austan,

Matthildur Hjálmarsdóttir,  
Óskar Már Jónsson,  
Jóhann Böðvarsson.